

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 7 - 2020

Staður: Hvanneyri og TEAMS

Tími: miðvikudagur 28. október 2020 kl. 14:00

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, Ágústa Rut Haraldsdóttir, Guðveig Lind Eyglóardóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson og Jón Kristófer Arnarson

Dagskrá

1. Setning fundar

Rektor setti fund og bauð fulltrúa í háskólaráði velkomna. Háskólaráðsfulltrúar kynntu sig og fóru yfir störf sín og bakgrunn.

2. Nýtt háskólaráð skv. lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008

Rektor fór yfir tilnefningu í háskólaráð skv. 6. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 þar sem segir að háskólaráð sé skipað sjö fulltrúum. Núverandi fulltrúum ber því að tilnefna tvo fulltrúa til viðbótar, auk sameiginlegs varamanns fyrir þá.

3. Tilnefning tveggja fulltrúa í háskólaráð og eins sameiginlegs varamanns fyrir þá

Með fundarboði var send tillaga um tilnefningar og ferilskrár viðkomandi.

Rektor bar upp tillögu um að Halldór Þorgeirsson formaður Loftslagsráðs og Torfi Jóhannesson sérfræðingur hjá Norrænu ráðherranefndinni yrðu tilnefndir sem fulltrúar í háskólaráð Lbhí 2020-2022. Var það samþykkt einróma.

Þá lagði rektor til að Hrönn Ólína Jörundsdóttir forstjóri MAST yrði tilnefnd sem sameiginlegur varamaður þeirra. Var það samþykkt einróma.

Nýtt háskólaráð fyrir tímabilið 2020-2022 telst þá fullskipað:

Aðalmenn:

Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor

Ágústa Rut Haraldsdóttir, formaður Nemendafélags Lbhí, fulltrúi nemenda

Guðveig Lind Eyglóardóttir, sveitarstjórnarfulltrúi og hóteltjóri, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra

Halldór Þorgeirsson, formaður Loftslagsráðs, tilnefndur af háskólaráði

Jóhannes Sveinbjörnsson, dósent, fulltrúi starfsmanna

Jón Kristófer Arnarson, námsbrautarstjóri garð- og skógarplöntubraut, fulltrúi starfsmanna

Torfi Jóhannesson, aðalráðgjafi á sviði landbúnaðar og skógræktar hjá Norrænu ráðherranefndinni, tilnefndur af háskólaráði



Varamenn

Álfheiður Sverrisdóttir, deildarfulltrúi, varamaður fyrir Jón Kristófer Arnarson
Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, bóndi Svartárkoti varamaður fyrir Guðveigu Lind Eyglóardóttur
Hrönn Jörundsdóttir, forstjóri MAST, varamaður fyrir Halldór Þorgeirsson og Torfa Jóhannesson
Jón Magnús Jónsson, búfræðinemi, varamaður fyrir Ágústu Rut Haraldsdóttur
Ragnhildur Jónsdóttir, aðjúnt og brautarstjóri náttúru- og umhverfisfræði, varamaður fyrir
Jóhannes Sveinbjörnsson

Ákveðið var að boða til fyrsta fundar fullskipaðs háskólaráðs fimmtudaginn 5. nóvember nk. kl 14-16.

28/10/2020 - RÍP

